

Mál nr. 1/2010

Mánudaginn 3. maí 2010

Handknattleiksdeild FH

gegn

Handknattleiksdeild Hauka

og HSÍ

Dómur Áfrýjunardómstóls HSÍ

Mál þetta dæma Helgi I. Jónsson, Guðjón St. Marteinson og Gunnar Jónsson.

Máli þessu var skotið til Áfrýjunardómstóls HSÍ með áfrýjun 23. apríl 2010. Áfrýjað er dómi Dómstóls HSÍ, uppkveðnum 20. apríl 2010.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að úrslit leiks áfrýjanda og stefnda í undanúrslitum Íslandsmóts í 2. flokki karla laugardaginn 10. apríl 2010 verði ógilt og leikurinn verði endurtekinn. Til vara er krafist að síðustu 49 sekúndur leiksins verði leiknar aftur.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Varakrafa áfrýjanda var ekki höfð uppi fyrir Dómstóli HSÍ og kemur því ekki til umfjöllunar á áfrýjunarstigi.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.